

## Sjálfbærniverkefnið á Norðausturlandi

### 6. fundur stýrihóps

**Staður:** Húsavík – Fosshótel Húsavík

**Tími:** 23.10.2017 kl. 10:00-12:00

#### Mætt voru:

#### Stýrihópur og/eða fulltrúar eigenda:

Jóhanna Harpa Árnadóttir, Landsvirkjun  
Engilráð Ósk Jónsdóttir, Landsnet  
Hjalti Jóhannesson, RHA  
Dagbjört Jónsdóttir, Þingeyjarsveit  
Kristján Þór Magnússon, Norðurþingi  
Þorsteinn Gunnarsson, Skútstaðahreppi

#### Starfsmenn:

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga  
Óli Halldórsson, Þekkingarneti Þingeyinga  
Helena Eydís Ingólfssdóttir, Þekkingarneti Þingeyinga

Fjarverandi var Steinn Ágúst Steinsson, Landsvirkjun og fulltrúi ferðapjónustuaðila hefur ekki verið tilnefndur að nýju.

Helena Eydís stýrði fundi. Gréta Bergrún ritaði fundargerð.

---

### **1. Tillaga að verkefnis- og kostnaðaráætlun ársins 2018**

Tillaga að verkefnis- og kostnaðaráætlun vegna ársins 2018 lögð fyrir hópinn til kynningar. Áhersla lögð á vöktun, birtingu á vef og kynningarstarf á árinu 2018.

Lögð voru fram drög að áætlun ársins 2018. Helena kynnti áætlunina.

- Kynning á verkefninu
  - Lagt var til að verkefnið verði kynnt fulltrúaráði Héraðsnefndar
  - Rætt um að kynna verkefnið einnig fyrir nýjum sveitarstjórnarfulltrúum að kosningum loknum í vor.
  - Lagt til að verkefnið verði einnig kynnt innahúss hjá Landsvirkjun og Landsneti.
  - Rætt um útfærslu á kynningum, fundaröð sem fulltrúar Landsvirkjunar og Landsnets taki þátt.
- Tíma- og kostnaðaráætlun
  - Farið yfir helstu atriði í tímaáætlun
  - Tímar geta flætt milli liða en reiknað með að heildartímajöföldi muni standast og sé raunhæft áætlaður.
  - Vakin athygli á að sum gögn fengust gjaldfrítt á árinu 2017 en ekki hægt að reikna með því að svo verði alltaf þó engin breyting sé fyrir séð á árinu 2018.

Ekki gerðar athugasemdir við áætlunina. Verkefnisstjóri klárar hana í samræmi við umræður og sendir á stýrihóp til samþykktar.

## **2. Staða verkefnisins**

Helena fór yfir stöðuna á verkefninu, þá þætti sem hafa breyst miðað við áætlunina.

- Í lok október er gert ráð fyrir að verkefnið verði á áætlun varðandi verkþætti og kostnað.
- Keypt var veflausn sem gerir birtingu gagna einfaldari.
- Vísirinn varðandi mengun sjávar var felldur niður og kostnaður við gagnakaup því lægri en gert var ráð fyrir.
- Ánægja með að verkefnið sé innan þess ramma sem lagt var upp með bæði varðandi tíma og kostnað.

## **3. Kynning á vef verkefnisins**

- Stýrihópi sýndur vefur verkefnisins og gefinn kostur á að hafa áhrif á framsetningu og innihald.

Helena fór yfir stöðuna á vefnum, sýndi vefinn á skjá, uppbyggingu og virkni hans.

- Ábendingar:
  - Félagsvísindastofnun gagnrýndi í Austurlandsverkefni að engin skýr tenging væri á milli eigenda verkefnisins og þeirra stefnu við verkefnið.
    - Verkefnið er vöktunarverkefni – það er ekki stefna – ekki hluti verkefnisins að vekja athygli á fyrirtækjunum.
    - Umræður um hlutleysi – að sýna fram á að framkvæmdaraðili sé ekki að verða fyrir áhrifum af eigendum, að gögn og vöktun sé ekki stýrt þ.e. niðurstöðum.
  - Skýra hvað er Gaumur – af hverju það var valið – þarf að kynna það á vefnum
  - Facebooksíða fyrir verkefnið með beina tengingu við vef.
  - Augljósari leiðbeiningar um að flakka á milli vísa, örvarnar.
  - Umfjöllun um sjálfbærni – mynd með grunnstoðum.
  - Þorsteinn lýsti yfir ánægju með heimasíðu, aðrir úr stýrihópi tóku undir.
  - Rætt um opnun. Engilræð og Jóhanna ræða það innan Landsnets og Landsvirkjunar og koma með tillögu að degi fyrir opnun.
  - Haustfundur Landsvirkjunar 2. nóvember – rætt um að segja frá vefnum þar og að hann muni opna bráðlega.

## **4. Hagnýtt gildi verkefnisins – Jóhanna Harpa Árnadóttir**

- Mikilvægt að verkefnið verði kynnt sveitarstjórnnum og lykilstarfsmönnum sveitarfélaga og að gögn þess verði nýtt við stefnumótunarvinnu á vegum sveitarfélaganna.
- Mikilvægt að hagnýting verkefnis verði sem mest.
- Kynningar í skólum á öllum skólastigum og til rannsóknaraðila.

## **5. Önnur mál**

- Umræður um þátttöku PCC
  - Jóhanna – sagði frá fundi með PCC og Landsvirkjun. PCC mun verða þátttakandi í verkefninu og láta af hendi gögn sem óskað verður eftir en ekki verða eigandi að verkefninu. Þátttakan verður mótuð síðar.